

## RITAÐ EFNI FYRIR EVRÓPUKEPPNI

Efni skal skilað inn á íslensku. Þýðandi á vegum Háskóla Íslands þýðir yfir á ensku.

### 1. Rannsóknarskýrsla

Rannsóknarkýrslan á að lýsa verkefninu. Hún má ekki vera handskrifuð og hún á að vera í mesta lagi 10 blaðsíður í lengd af texta (A4 síður; tvöfalt línubil; leturstærð að minnsta kosti 10 punktar).

Með skýrslunni mega fylgja 10 A4 síður af skýringarmyndum, töflum, línuritum og öðru.

Engin aukaefni, svo sem myndbönd mega fylgja með rannsóknarskýrslunni.

### 2. Samantekt

Einnar blaðsíðu samantekt á verkefninu þar sem aðeins aðalatriðin koma fram (markmið verkefnisins, tæki sem voru notuð (ef einhver), rannsóknaraðferðir, uppgötvanir og niðurstöður). – Hér skal vera tengill á rafrænt skráningarform í Evrópukeppni.

### 3. Titill á verkefni á íslensku og á ensku

### 4. Lýsing á verkefni

Hnitmiðuð lýsing á verkefninu að hámarki 10 línur (leturstærð að minnsta kosti 10 punktar) fyrir handbók keppninnar.